

## Ráðstefna um stöðu kvennabaráttunnar á Íslandi

Rauðsokkahreyfingin efnir til opinnar ráðstefnu á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Ráðstefnan verður til húsa í Félagsstofnun stúdenta og mun standa frá kl. 10 að morgni til u.b.b. kl. 18.30.

Ætlunin er að reifa ýmis mál sem snerta kvennabaráttuna, ekki í beim tilgangi að koma með endanlegar niðurstöður, heldur miklu fremur til að heyra hljóðið í konum, hvað beim finnist um stöðu mála í dag, hvaða verkefni séu brýnust og hvernig best verði að beim unnið. Við höfum sett upp dagskrá sem er all viðamikil, en vonandi koma fram margar hugmyndir sem við getum allar nýtt okkur til árangursríkrar kvenna- og jafnréttisbaráttu. Öllum er heimill aðgangur, ráðstefnugjald verður 50 kr.

Dagskrá:

Kl.10. Ráðstefnan sett

Kl.10.05 Konur og verkalyðshreyfing. Frummælendur:

Bjarnfríður Leósdóttir og Helga Ólafsdóttir

Kl.10.30 Konur og tölvubyltingin. Frummælandi:

Vilborg Harðardóttir.

Kl. 10.40 Konur og menntun. Jafnréttishópur Háskólans sér um framsögu.

Kl. 10.50. Fjölskyldupólitík. Framsaga Hjördís Hjartardóttir

Kl. 11.00 Hvað er að gerast í kvennabaráttunni á Íslandi?

Hvað er framundan? Baráttuleiðir. Frummælendur

frá Kvenréttindafélaginu og Rauðsokkahreyfingunni.

Kl.11.20 Almennar umræður og skipað í hópa.

Kl. 12.00 Hádegishlé

Kl. 13.00 Umræðurhópar taka til starfa

Kl. 15.00 Kaffihlé

Kl. 16.00 Almennar umræður, niðurstöður hópa og ályktanir ef einhverjar verða.

Kl. 18.30 Ráðstefnuslit.

Barnagæsla verður á staðnum svo og kaffiveitingar.

Með baráttukveðjum

Rauðsokkahreyfingin

1. maí 1978

Starfio i veldis

Barnahammi byllingar er þörf.

Umm að vera eða ekki "i kanaanum"

Heima er best (Umm leikr. stakur er ekki hér)

Hvað er feminisimi?

Örnir alþjóðunnar

Ammigja bik - ml (Umm 8. mars hreyfingunni)

Ypi ferir af grata ef þú ert (alhöfðisimi)